

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/97
komudagur 8.6.2009

8.6.2009

Umhverfisnefnd Alþingis.

Tilvísun í mál: 2009060027

Efni: Umsögn Brunamálastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni 3. mál

Brunamálastofnun gerir að svo stöddu ekki athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Með bestu kveðju,
Elísabet Pálmadóttir
Sviðsstjóri slökkviliðasviðs
Brunamálastofnun


Akureyri 9. júní 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis frumvarp til laga um eiturefni og hættuelg efni, 3. mál, flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, EES-reglur. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónasson
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 137/127
komudagur 9.6.2009



FÉLAG UMHVERFISFRÆÐINGA
Á ÍSLANDI

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi
Sólvallagötu 74, 101 Reykjavík

Reykjavík 8. júní 2009

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Umsögn um 3. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi (FUMÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Í ofangreindu frumvarpi er ætlað að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 842/2006, um tilteknar flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir þar sem meginmarkmiðið er að takmarka losun þeirra út í andrúmsloftið, þannig að ekki hljóttist af þeim tjón.

Loftslagsbreytingar, sem orsakast m.a. vegna aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum, eru ein stærsta ógn við lífríki jarðar. Flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir hafa háan hlýnunarstuðul sem gera þær að mjög öflugum gróðurhúsalofttegundum. Í frumvarpinu er tekið skýrt fram að hindra beri leka flúoreraðara gróðurhúsalofttegunda frá föstum kælikerfum, loftkælingum, varmadælum og fastra slökkvikerfa og ef upp komi leki þá beri að stöðva hann með öllum þeim tæknilegum ráðstöfunum sem eru mögulegar. FUMÍ fagnar því að ábyrgð rekstraraðila virðist skýr í frumvarpinu, en þeirra er auðvitað að uppfylla ofangreind skilyrði. Auk þess er gerð krafa á aukinni endurnýtingu þessara gasa. Allt ætti þetta að stuðla að minni losun á flúoreruðum gróðurhúsalofttegundum.

Í frumvarpinu er gerð krafa um lágmarksstarfsmenntun þeirra sem vinna með flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir og vottun fyrir starfsmenn og rekstrar- og þjónustuaðila sem mega meðhöndla þessar lofttegundir. Í fylgiskjali frá Fjármálaráðuneyti er fjallað ítarlegar um slíka menntun. Aukin starfsmenntun er alltaf af hinu góða og ætti að auka gæði starfseminnar og minni gasleka.

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi telur að nauðsynlegt sé að ráðherra setji reglugerð vegna flúoreraðra lofttegunda eins fljótt og auðið er, eins og heimilt er samkvæmt frumvarpinu. FUMÍ telur að með þessu frumvarpi sé verið að veita nauðsynlegt aðhald til þeirra sem starfa með flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir og vonast til að innleiðing laganna muni leiða til minni leka þeirra og betri nýtingu. Slíkt er án efa til mikilla bóta og einn liður í að sporna við loftslagsbreytingum af mannavöldum. Félag umhverfisfræðinga á Íslandi styður því þetta frumvarp.

Fyrir hönd stjórnar Félags umhverfisfræðinga á Íslandi,
Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir

Alþingi
Erindi nr. P 137/135
komudagur 10.6.2009

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 08. júní 2009

Efni: Umsögn um breytingar á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni,
með síðari breytingum, 3. mál.

Umsögn um:

Eiturefni og hættuleg efni (flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, EES-reglur)

3. mál lagafrumvarp 137. löggjafarþingi.

Í 2. grein, 4. m.gr, um menntun og vottun, segir að starfsmenn sem annist m.a. uppsetningu, viðhald, áfyllingu, lekaleit og aðra þjónustu fastra kælikerfa og fastra slökkvikerfa, sem innihalda flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, skulu hafa vottun. Í lögum 52/1998 og þessu frumvarpi að breytingu á þeim, eru föst og laus kæli- og slökkvikerfi ekki skilgreind.


Í sömu málsgrein segir einnig að þeir sem hljóta vottun skulu hafa lokið námi með fullnægjandi hætti skv. reglugerð sem ráðherra setur.

Samkvæmt 3ju grein á að setja í lög in ákvæði um útgáfu bráðabirgðavottunar, þar sem heimilt verður að meta aðra menntun jafngildi náms skv. 29. gr. Og skal slíkt mat fara fram fyrir 4. júlí 2011.

VM –Félag vélstjóra og málmæknimanna telur að drög þau að námskrá kælivirkja sem liggur hjá menntamálaráðuneytinu eigi að vera grunnur að væntanlegri reglugerð um námskröfur. Það beri því að samþykkja námskránnu sem fyrst.

Virðingafyllst,

f.h. VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna



Guðmundur P. Ragnarsson, formaður VM.

Alþingi
Erindi nr. P 137/96
komudagur 8.6.2009

Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 5.júní 2009

Efni: Umsögn Háskólans á Akureyri (HA) um „Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum“.

3.mál

1. Gr.

Fyrsta setningin í lið a: „Flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir eru samkvæmt lögum þessum“ er óeðlileg.

Betra væri að segja: Flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir eru í skilningi þessara laga vetnisflúorkolefni (HFC), alflúorkolefni (PFC) og brennisteinshexaflúoríð (SF₆).

PFC er skammstöfun á perfluorocarbon sem er ekki það sama og fjölflúorkolefni (á ensku væri það polyfluorocarbon). Í orðinu perfluorocarbon felst að flúor hefur komið í stað vetnis (H) í öllum C-H tengjunum. Ég veit ekki hvort þetta orð hefur verið íslenskað en „alflúorkolefni“ ætti að lýsa þessu eins og ég sting upp á fyrir ofan.

Í athugasemdum við frumvarpið segir:


„Þessar lofttegundir eru öflugar gróðurhúsalofttegundir með háan hlýnunarstuðul og hafa margföld áhrif á umhverfið til upphitunar lofthjúpsins miðað við koltvísýring (CO₂)“

Það má vera rétt að miðað við sambærilegt magn séu HFC, PFC efni og SF₆ öflugri gróðurhúsalofttegundir (með háan hlýnunarstuðul) en áhrif þeirra á upphitun lofthjúpsins eru, enn sem komið er að minnsta kosti, ekki sambærileg við koltvísýringinn vegna þess að það er svo lítið af þessum efnum í andrúmsloftinu. Ofangreind staðhæfing (margföld áhrif á umhverfið) er þess vegna mjög villandi. Sjá t.d. IPCC Technical Paper III (2.2.3 Reference Stabilization Scenarios) sem segir:

.....Because the total forcing for these gases over 1990–2100 (accounting for the effects of stratospheric ozone changes) is relatively small (0.3 W m⁻²), uncertainties due to incomplete compliance with the Protocol and/or future emissions of substitute (hydrofluorocarbon, HFC) or non-controlled gases may be even smaller.....

F.h. Háskólans á Akureyri

**Sigþór Pétursson, prófessor,
Háskólanum á Akureyri,
600 Akureyri**



ÍSÁFJARÐARBÆR

Alþingi
Erindi nr. P/137/614
komudagur 14.7.2009

Alþingi
Hildur Eva Sigurðardóttir
150 Reykjavík

Ísafirði, 10. júlí 2009
2009060008
AGG/--

Efni: Eiturefni og hættuleg efni. 3.mál – frumvarp til laga.

Á fundi umhverfisnefndar 22. júní sl. var lagt fram bréf, dags. 27. maí sl., frá Hildi Evu Sigurðardóttur nefndarritara umhverfisnefndar Alþingis, þar sem óskað er umsagnar á frumvarp til laga um eiturefni og hættuleg efni, 3. mál, flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, EES-reglur.

Bókun umhverfisnefndar var eftirfarandi: *Umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.*

Bæjarráð staðfesti bókun umhverfisnefndar á fundi sínum 6. júlí sl.

BYGGINGARFULLTRÚKIN
Ísafirði
Anna Guðrún Gylfadóttir
Byggingarfulltrúi

Umhverfisnefnd

8. júní 2009

Málefni: Mál 3 á 137. Löggjafarþingi. Eiturefni og hættuleg efni (flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, EES-reglur)


Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 137. Löggjafarþingi 2009.)

Kælitæknifélag Íslands þakkar fyrir að komið er fram frumvarp að lögum varðandi eiturefni og hættuleg efni, sem fela í sér kröfur um menntun og færni við að meðhöndla efnin og kerfin sem þau eru notuð í.

Meðfylgjandi eru athugasemdir og ábendingar um það sem betur má fara að okkar mati.

1. Við teljum óheppilegt að tala um fast kælikerfi og fast slökkvikerfi. Orðið fast mun vera þýðing á stationary (staðbundinn væri betra). Við leggjum til að því verði sleppt í lögnum. Einnig er óheppilegt að tala um föst kerfi í athugasemdum.
2. Skýra má betur hugtökin; rekstraraðili, þjónustuaðili og starfsmaður og kröfur til þeirra.

F.h. Kælitæknifélags Íslands



Baldur Jónasson, formaður

Umsagnabeiðnir í máli 3 á 137. löggjafarþingi
Ub. 6694 um 27.05.2009 Kælitæknifélag Íslands
Grensásvegi 11, 108 REYKJAVÍK

Fylgiskjal: Frumvarpið með athugasemdum og ábendingum.

Þskj. 3 — 3. mál.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eitufni og hættuleg efni,
með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Á eftir 4. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir eru samkvæmt lögum þessum vetnisflúorkolefni (HFC), fjölflúorkolefni (PFC) og brennisteinshexaflúoríð (SF₆).

Rekstraraðili er einstaklingur eða lögaðili sem stjórnar ~~tæknilegri virkni þess~~ búnaðar ~~búnaði~~ sem lög þessi taka til.

Þjónustuaðili er einstaklingur eða lögaðili sem þjónustar þann búnað sem lög þessi taka til.

b. 5. mgr., sem verður 8. mgr., orðast svo:

Markmið þessara laga er að eitufni, hættuleg efni, sæfiefni, fegrunar- og snyrtiefni og flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir notist með gát og varúð þannig að hvorki hljótist af tjón á mönnum né dýrum, né að matvæli eða umhverfi mengist af efnunum.

2. gr.

Á eftir IV. kafla laganna kemur nýr kafli, V. kafli, **Ákvæði um flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir**, með fimm nýjum greinum, svohljóðandi, og breytast númer annarra greina og kafla laganna samkvæmt því:

a. (27. gr.)

Geymsla flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda.

Rekstraraðilum ~~fastra~~-kælikerfa, loftkælinga, varmadæla og ~~fastra~~-slökkvikerfa sem innihalda flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir ber að hindra leka þessara lofttegunda og stöðva slíkan leka komi hann til, með öllum þeim tæknilegu ráðstöfunum sem eru mögulegar. Enn fremur ber rekstraraðilum að sjá til þess að haldin sé skrá yfir flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir og að lekaleit sé framkvæmd af vottuðum aðilum.

b. (28. gr.)

Endurnýting.

Rekstraraðilar ~~fasts~~-búnaðar sem inniheldur flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, og nánar er tiltekinn í reglugerð, bera ábyrgð á endurnýtingu flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda til að tryggja endurvinnslu, endurheimt eða eyðingu þeirra. Endurnýting, endurheimta og eyðing skal framkvæmd af vottuðum aðilum.

c. (29. gr.)

Menntun og vottun.

Starfsmenn aðila sem annast uppsetningu, viðhald, áfyllingu, lekaleit og aðra þjónustu vegna ~~fastra~~-kælikerfa, loftkælinga, varmadælukerfa, spenna með hárrí rafspennu, loftkælinga í vélknúnum ökutækjum, leysiefna og ~~fastra~~-slökkvikerfa sem innihalda flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir skulu hafa vottun. Til að hljóta slíka vottun skulu þeir hafa lokið námi með fullnægjandi hætti samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

Rekstrar- og þjónustuaðilar skulu hafa vottun um að þeir uppfylli kröfur reglugerða sem ráðherra setur um húsnæði, öryggi og lágmarkstækjabúnað vegna starfsemi sinnar. Enn fremur skulu rekstrar- og þjónustuaðilar hafa vottun um að starfsmenn þeirra hafi hlotið vottun skv. 1. mgr.

Vottun samkvæmt lögum þessum er framkvæmd af faggiltri skoðunarstofu faggiltum aðila samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., og gildir í fjögur ár. Hafi viðkomandi sannanlega verið að vinna við umrædd kerfi framlengist vottunin um önnur fjögur ár.

d. (30. gr.)

Merking.

Óheimilt er að flytja, setja á markað eða afhenda vöru og búnað sem inniheldur flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir nema á vörunni og búnaðinum sé merkiskilti með viðurkenndum iðnaðarheitum, innihaldslýsingu og varnaðarorðum.

e. (31. gr.)

Reglugerðir um flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, að setja reglugerð vegna flúoreraðra lofttegunda um eftirtalin atriði:

- a. nánari ákvæði um framkvæmd lekaleitar, áskilnað um lekaleitarkerfi og skráningu flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda,
- b. framkvæmd endurnýtingar, endurheimtu og eyðingar
- c. framkvæmd vottunar,
- d. framkvæmd og mat menntunar,
- e. húsnæði, öryggi og lágmarkstækjabúnað starfsemi sem tengist notkun og meðferð efnanna,
- f. nánari ákvæði um merkingar vöru og búnaðar,
- g. ákvæði um notkun og bann við notkun flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda.

2. gr.

3.

Við löggin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Heimilt er að gefa út bráðabirgðavottun skv. 29. gr. Slík bráðabirgðavottun gildir ekki lengur en til 4. júlí 2011. Umhverfissráðherra gefur út reglugerð um skilyrði bráðabirgðavottunar.

Heimilt er að meta aðra menntun og færni sem umsækjandi hefur sem jafngildi náms skv. 29. gr. Skal slíkt mat fara fram fyrir 4. júlí 2011.

4. gr.

Innleiðing á reglugerð.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 um tilteknar flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir. Jafnframt var höfð hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 303/2008 sem er í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, um lágmarkskröfur og aðstæður fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottorðum fyrirtækja og starfsfólks sem þjónusta fæst-kælikerfi, loftkælingar og varmadælur sem innihalda tilteknar flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, sem vísað er til í ii. lið í XX. Viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 112/2008, frá 7. nóvember 2008.

5. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi
Erindi nr. P 137/107
komudagur 5.6.2009

Umhverfisnefnd Alþingis
Hildur Eva Sigurðardóttir
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03. júní 2009
2009060001/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um eiturefni og hættuleg efni

Vísað er til bréfs frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 27. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um eiturefni og hættulegefni, 3. mál, fluoreraðar gróðurhúsalofttegundir, EES-relgur.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við framangreint frumvarp en fagnar framkomu þess. Frumvarpinu er ætlað að draga sérstaklega úr losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. með bættri meðhöndlun og endurnýtingu gróðurhúsalofttegunda, en þær lofttegundir sem frumvarpið fjallar um hafa mjög langan líftíma.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson





Alþingi
Erindi nr. P 137/147
komudagur 10. 6. 2009



Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. júní 2009

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, 3. mál.

Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar og er þetta sameiginleg umsögn þeirra.

Í 1. gr. frumvarpsins er rekstraraðili skilgreindur sem aðili „sem stjórnar tæknilegri virkni þess búnaðar sem lög þessi taka til.“ Þetta má skilja sem svo að hér sé átt við þann sem vinnur með búnaðinn, t.d. vélstjóra eða kælitækni. Augljóst er af lögnum og Evrópureglugerðinni að rekstraraðili er fyrirtæki og þeir sem reka það, nema í þeim tilfellum sem um einyrkja er að ræða. Ábyrgðin á framfylgd laganna getur ekki legið á einstaka starfsmönnum. Bent er á hvernig orðið rekstraraðili er notað í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og hvernig það almennt er notað og skilið í reglugerðum og starfsleyfum sem gefin eru út á grunni þeirra. Skilgreiningin er ekki heldur í samræmi við orðalag Evrópureglugerðarinnar. Lagt er til að skilgreiningin verði umorðuð þannig að augljóst verði að hér sé átt við þann sem ber raunverulega ábyrgð á rekstri fyrirtækisins sem búnaðurinn tilheyrir.


Gerð er athugasemd við orðalagið „föst kælikerfi“ sem erfitt er að henda reiður á. Lagt er til að orðalagið verði skýrara eða að skilgreining á „föst kælikerfi“ verði færð í lögina svo afmörkunin sé skýr.

Lagt er til að notað verði hugtakið „kæli- og frystibúnaður“ í stað „kælikerfi“.

Lagt er til að gr. e. (31) b. liður orðist svo „framkvæmd endurnýtingar og eyðingar“ enda fjalla reglugerðir um hvoru tveggja.


Umsagnaraðilar vilja benda á að það er sérstaklega tekið fram í reglugerð EC/842/2006, þar sem fjallað er um markaðssetningu vöru og tækja sem undir reglugerðina falla, að hafi ríki innleitt strangari ákvæði skuli þau samræmd fyrir 31. desember 2012 (gr. 9.3 (a)). Í íslensku reglugerð nr. 230/1998 um tiltekin efni sem stuðla að auknum gróðurhúsaáhrifum er að finna almennt bann við að framleiða, flytja inn og selja efni er undir reglugerðina falla. Enginn vafi er á því að reglugerðin hefur orðið til þess að innlendir framleiðendur nota ekki þessi efni, til dæmis við framleiðslu á frauðplasteinangrun af ýmsu tagi. Bannið hefur hins vegar ekki áhrif á erlenda framleiðendur og því eru allar líkur á því að frauðplasteinangrun

sem flutt er til landsins í byggingarhlutum, kæligámum, frystieiningum og fleiru getl innihaldið umrædd efni í einhverjum mæli. Sama má segja um ýmsar vörur þar sem notaðar eru flúoreraðar lofttegundir við framleiðslu sem gegna ekki sérstöku hlutverki við notkun vörunnar en geta lekið út og losnað til dæmis við förgun vörunnar. Nánast útilokað er að fylgjast með þessu á markaði og bannið eins og það er sett fram í reglugerð nr. 230/1998 er því marklítið og þjónar einungis þeim tilgangi að mismuna íslenskum framleiðendum í samkeppni við innflutning. Því er eindregið lagt til að í reglugerðum byggðum á lögnum verði notast við nálgun EB og notkun efnanna heimil nema þar sem hún er sérstaklega bönnuð í stað þess að almennt bann gildi við notkun umræddra lofttegunda. Áréttað er að ekki er verið að fara fram á að heimila að nýju notkun efnanna hér á landi þar sem hún er þegar bönnuð, því reglugerð EC/842/2006 gengur lengra en fyrri tilskipanir.



Pétur Reimarsson

Samtök atvinnulífsins



Bryndís Skúladóttir


Samtök iðnaðarins



**Frumvarp til laga
um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni,
nr. 52/1988 með síðari breytingum .**

Kristín Rannveig Snorradóttir
3. júní 2009

*Alþingi
Erindi nr. P 137/62
komudagur 3.6.2009*



**Innleiðing á reglugerð (EB) nr. 842/2006 um tiltekna
flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir.**

Nýr kafli í lögum um eiturefni og hættuleg efni.

**Tilgangur gerðarinnar er að minnka losun flúoreraðra
gróðurhúsalofttegunda sem Kyoto-bókunin nær yfir og
vernda þannig umhverfið.**

**10 reglugerðir hafa verið settar á vettvangi ESB til að
útfæra nánar einstakar greinar gerðarinnar.**



Geymsla flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda

- A-liður, 2. gr.
- Hertar kröfur gerðar til geymslu flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda.
- Tillaga um að hindra leka og tafarlausa viðgerð ef leki kemur í ljós.
- Lekaleit skal framkvæmd af vottuðum aðilum.
- Halda ber skrá yfir flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir.



Menntun og vottun

- C-liður, 2. gr.
- Nýjar og hertar kröfur um menntun þeirra sem meðhöndla f-gas.
- Ljúka verður námi með fullnægjandi hætti og í kjölfarið er veitt vottun.
- Rekstrar- og þjónustuaðilar skulu einnig hafa vottun fyrir því að þeir uppfylli kröfur reglugerða sem settar verða á grundvelli þessara laga.



Endurnýting

- B-liður, 2. gr.
- Kveðið á um hvernig endurnýting flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda skal framkvæmd og hverjir bera ábyrgð á henni.

Merkingar

- D-liður, 2. gr.
- Hertar kröfur um merkingar.
- Krafa gerð um tiltekin merkiskilti.

Alþingi
Erindi nr. P 137/126
komudagur 9.6.2009

Alþingi - Umhverfisstofnun
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. júní 2009
UST20090500139/hb

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.


Með bréfi, dags. 27. maí sl., sendi umhverfisstofnun Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, 3. mál.

Í b-liðar 2. gr. frumvarpsins, sem verður 28. gr. laganna verði frumvarpið að lögum, er fjallað um skyldu rekstraraðila fasts búnaðar sem inniheldur flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir til endurnýtingar. Umhverfisstofnun telur að skyldu þessari væri lýst með skýrari hætti með því að orðin „skulu sjá til þess að flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir séu endurnýttar“ komi í stað orðanna „bera ábyrgð á endurnýtingu flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda“.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústsdóttir


Hrafnhildur Bragadóttir

10.6.2009

Alþingi
Erindi nr. P 137/152
komudagur 10.6.2009

Umhverfisnefnd Alþingis.

Úrvinnslusjóður hefur fengið til umsagnar með bréfi dags. 27. maí 2009 frumvarp til laga um eiturefni og hættuleg efni, 3. mál, flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, EES-reglur.

Úrvinnslusjóður gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
Íris Gunnarsdóttir